

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 29. ágúst 2025

## Efni: Umsögn um drög að reglugerð um plastvörur

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds máls, sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 11. ágúst sl. FA beinir hér sérstaklega sjónum að fyrri hluta reglugerðardraganna, sem snýr að skyldu til að merkja sérstaklega tilteknar einnota plastvörur, þ.e. tíðavörur, blautþurrkur, tóbaksvörur sem innihalda plast og glös fyrir drykkjarvörur.

FA gerir engar athugasemdir við að ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins (ESB) nr. 2019/904 um merkingu umræddra vara séu innleidd, en markmið þeirrar tilskipunar er að draga með árangursríkum hætti úr plastmengun. Það er markmið sem FA styður heils hugar. Félagið hefur hins vegar verulegar áhyggjur af framkvæmdinni og áhrifum þess að einnota plastvörur verði merktar með þeim hætti sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/2151. Vísað er til þess í 4. gr. reglugerðardraganna að merkingarnar skuli vera í samræmi við þær kröfur sem eru útlistaðar í þeirri reglugerð og í 9. gr. er kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar.

## Krafa um opinbert tungumál órökstudd og bitnar á örmarkaðnum Íslandi

Í framkvæmdarreglugerðinni segir í 3. gr.: „Upplýsingatextinn á merkingunni skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem einnota plastvaran er sett á markað.“ Viðaukar við reglugerðina kveða sömuleiðis á um að á umbúðum tíðavara, blautþurrka og tóbaksvara skuli merkingin forprentuð á umbúðirnar. Á drykkjarmálum sem innihalda plast er ekki nægilegt að merkja umbúðir, heldur skal merkingin forprentuð eða greypt/upphleypt á hvert einasta mál. Ekki er gert ráð fyrir að merkja megi vörunar sem falla undir reglugerðina með límmiða.

Krafan um að merking skuli vera á opinberu tungumáli viðkomandi ríkis kemur illa niður á örmarkaði eins og Íslandi, en opinbert tungumál Íslands, íslenzka, er talað af um 380.000 manns, sem er 0,08% af heildarmannfjölda á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðið gengur miklu lengra en kröfur til merkinga á matvælum á EES, sbr. 15. gr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011, sem kveður á um að „lögboðnar matvælaupplýsingar [skuli] birtar á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur í þeim aðildarríkjum þar sem tiltekin matvæli eru markaðsett.“ Í samræmi við það kveður reglugerð nr. 1294/2014 á um að upplýsingar um matvæli á íslenskum markaði skuli vera á „íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku.“ Það er í samræmi við það að á Íslandi skilur yfirgnæfandi hluti almennings ensku eða skandinavísku málin. Í tilviki innflytjenda komast upplýsingar betur til skila á ensku en á íslenzku.

FA hefur ekki tekizt að finna neinn rökstuðning fyrir því hvers vegna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi þótt ástæða til að ganga mun lengra hvað varðar merkingar einnota plastvara en merkingar á matvöru og fær ekki séð hvaða hagsmuni sú krafa eigi að vernda eða hvaða markmiðum tilskipunar (ESB) 2019/904 sé náð með henni. FA bendir á að í þeim kröfum um merkingar sem settar eru fram í 7. gr. tilskipunarinnar er þess hvergi getið að merkingar verði að vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkja.

### **Birgjar eru ekki til í breytingar nema með miklum tilkostnaði**

Þær vörur, sem hér um ræðir, eru nánast eingöngu innfluttar til landsins og innlend framleiðsla hverfandi. Innflutningurinn kemur að yfirgnæfandi meirihluta frá öðrum ríkjum EES. Gangi krafan um merkingar á íslenzku eftir, munu innflytjendur umræddra vara þurfa að leita eftir því við framleiðendur að þeir bæti merkingum á íslenzku á umbúðir varanna.

Sá kostur er ekki fyrir hendi að leysa málið með límmiðum. Rifja má upp að sú leið hefur verið farin varðandi merkingar á hreinsiefnum frá því ráðuneytið hafnaði beiðni FA um að nýta svigrúm í CLP-reglugerð nr. 1272/2008/EB til að merkja vægari hreinsiefni á ensku eða skandinavísku málunum. Rifja má upp að sú höfnun leiddi af sér varanlega verðhækkun á ýmsum hreinsiefnum til heimilisnota, en kostnaður við að setja límmiða á hverja vöru getur hlaupið á 40-50 krónum.

Hægt er að leysa málið hvað tóbaksvörur varðar vegna þess að þegar eru í gildi kröfur um að þær séu með varúðarmerkingum á íslenzku og breyting á umbúðum vegna krafna um nýjar viðvörunarmerkingar stendur fyrir dyrum. Hvað hinar vörurnar; tíðavörur, blautklúta og drykkjarmál: varðar, hafa félagsmenn FA sem flytja þær inn skoðað málin hjá erlendum birgjum. Þar fást ýmist þau svör að breyting á umbúðum komi ekki til greina, eða þá að verði farið í slíka breytingu verði íslenzki markaðurinn látinn bera af henni allan kostnaðinn. Í mörgum tilvikum hafa birgjar þegar breytt umbúðum til samræmis við reglugerð (ESB) nr. 2020/2151, en hún tók gildi 3. júlí 2021. Þeir segja margir hverjir ekki koma til greina að fara í endurhönnun umbúða til að mæta þörfum 380.000 manna markaðar.

Þetta þýðir að tvennt mun gerast ef þessi breyting verður að veruleika.

### **Samkeppni og vöruval skerðist**

Annars vegar mun draga úr samkeppni á íslenzka dagvörumarkaðnum hvað þessar vörur varðar, annars vegar vegna þess að birgjar eru ekki reiðubúnir að breyta umbúðum fyrir íslenzka örmarkaðinn og hins vegar vegna þess að breytingin lokar í raun fyrir samhliða innflutning á vörunum sem um ræðir. Samhliða innflutningur, þ.e. innflutningur viðurkenndra vörumerkja framhjá umboðsaðilum þeirra hérlendis, er mikilvægur ávinningur EES-samningsins og hefur stuðlað að aukinni samkeppni hér á landi. Samkvæmt upplýsingum sem FA hefur aflað sér frá samtökum innflutningsfyrirtækja á Möltu hefur krafan um merkingu á opinberum tungumálum (reglugerðin er túlkuð þannig að merkja verði bæði á maltnesku, sem 570.000 manns tala, og á ensku) haft í för með sér að allur samhliða innflutningur á umræddum vörum hefur stöðvazt. Þar hefur birgjum innflytjenda jafnframt fækkað og þannig dregur úr úrvali og valkostum neytenda fækkar.

## Lækkun bleika skattsins tekin til baka og kostnaður barnafjölskyldna hækkaður

Hins vegar mun breytingin stuðla að því að umræddar vörur hækki í verði, á sama tíma og stjórnvöld og atvinnulíf reyna að ná tökum á þrálátri verðbólgu sem meðal annars orsakast af erlendum kostnaðarhækkunum. Kostnaðarauki sem reiknast á hverja pakkningu myndi í prósentum talið hækka kostnaðarverð ódýrari pakkninga meira en dýrari vara. Á endanum greiða neytendur að sjálfsögðu þann kostnað. FA getur útvegað ráðuneytinu betri tölulegar upplýsingar ef óskað er.

Í tilviki tíðavara er raunveruleg hættu á að breytingin myndi hafa af konum, sem nota þær, stóran hluta lækkunar virðisaukaskatts á tíðavörum sem Alþingi samþykkti 2019 með umtalsverðum lúðrablæstri. Markmið þeirrar lagabreytingar var að bæta lýðheilsu með því að draga úr kostnaði vegna nauðsynlegra hreinslætisvara. Sú breyting, sem hér er til umræðu, gæti þýtt að í tilviki ódýrari pakkninga, t.d. 14 stykkja dömubindapakka sem kostar 189 krónur, væri lækkun bleika skattsins svokallaða farin forgörðum, en skatturinn var lækkaður úr 24% í 11%.

Í tilviki blautklúta myndi verðhækkunin fyrst og fremst bitna á barnafjölskyldum með smábörn. Þar er að sjálfsögðu sama staða uppi; hærri kostnaður vegna endurmerkinga umbúða leggst þyngra á ódýrari vörur, sem efnaminni neytendur eru líklegir til að kaupa.

## Tímanleg viðbrögð stjórnvalda hefðu dregið úr tjóninu

Draga hefði mátt úr neikvæðum áhrifum reglnanna, hefðu íslensk stjórnvöld strax í upphafi (2020) gert innflytjendum og samtökum þeirra viðvart um breytinguna þannig að íslensk innflutningsfyrirtæki hefðu getað farið fram á við birgja sína að þeir tækju tillit til íslenska örmarkaðarins við endurhönnun á umbúðum.

Í íslenskum verzlunum má finna umræddar vörur með merkingum til samræmis við reglugerð (ESB) nr. 2020/2151, með áletrunum á allt að 25 tungumálum (sjá mynd), þar á meðal á norsku – en skiljanlega ekki á örtungumálinu íslensku. Ísland er í raun búið að missa af lestinni, þar sem framleiðendur hafa þegar lagt í ærinn kostnað við endurhönnun og -prentun umbúða og eru skiljanlega ekki spenntir fyrir því að endurtaka leikinn, nema þá að íslenski markaðurinn beri allan kostnaðinn.



## Inngrip sem þarfnast lagasetningar

Að mati FA er augljóst af framansögðu að sú breyting, sem lögð er til með reglugerðardrögunum, er verulegt inngrip í atvinnufrelsi. 75. gr. stjórnarskrárinnar er skýr um að atvinnufrelsinu verði ekki settar skorður nema með lögum. Aðgerðir stjórnvalda verða sömuleiðis að standast kröfur um stjórnsýslulegt meðalhóf, sbr. 12. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Að mati FA er augljóst að svo er ekki í þessu tilviki; gengið er mun lengra en þörf krefur til að ná markmiðum löggjafarinnar sem um ræðir, þ.e. tilskipunar (ESB) nr. 2019/904.

Félagið telur því ótækt að innleiðing umræddra reglna fari fram með setningu reglugerðar ráðherra. Félagið fer fram á að ráðherra leggi fram frumvarp á Alþingi um innleiðinguna, þannig að

löggjafarsamkoman geti rætt málið í þaula og vegið saman þau markmið og hagsmuni sem halda þarf til haga; þ.e. sjónarmið varðandi umhverfisvernd, samkeppni, atvinnufrelsi, hag neytenda og verðlagsstöðugleika.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með ráðuneytinu um næstu skref.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA